

Reykjavík, 8. apríl 2022

Til handhafa útboðsgagna nr. 15331 - Ferjusiglingar og veitingarekstur í Viðey

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Menningar- og ferðamálasvið hefur ákveðið að gera neðangreindar breytingar á útboðsgögnunum. Í kjölfar breytinganna er bjóðendum heimilt að skila inn uppfærðu tilboði. Frestur til að skila uppfærðu tilboði er til 12. apríl 2022 kl. 14:00

Breytingar á skilmálum útboðsgagna nr. 15331 eru rauðletraðar.

1.17 Gildistími samnings

Gildistími samnings er fimm ár frá því að samningur er kominn á en heimilt er að segja upp samningi með ~~eins~~ þriggja mánaða fyrirvara þrem mánuðum eftir að samningur er kominn á.

2.4 Siglingaráætlun og sérferðir Borgarsögusafns

Gerð er krafa um að rekstraraðili sinni daglegum áætlunarsiglingum til Viðeyjar í að lágmarki ~~fjóra~~ þrjá og hálfan mánuði ár hvert, á tímabilinu maí til ~~september~~ ágúst.

[...]

Lágmarks áætlunarsiglingar yfir vetrartímann, tímabilið ~~október~~ september til apríl, eru þrjár ferðir á laugardegi og þrjár ferðir á sunnudegi á tímabilinu 13:15 – 16:30.

Einnig vill kaupandi áréttta eftirfarandi tvö ákvæði í kafla 2.4:

Annarsvegar:

Borgarsögusafn hefur sett fram 600 sérferðir á samningstímanum skv. tilboðsskrá, eða sem nemur að meðaltali 120 sérferðum á ári. Greitt verður fyrir viðbótar sérferðir umfram þessar 600 ef til þess kemur, og skal fjárhæðin grundvallast á tilboðsverði í tilboðsskrá.

Til nánari skýringa, þá felur uppgefið tilboðsverð í lið 1.1. í sér umræddar 600 sérferðir. Uppfærð tilboðsbók endurspeglar betur ofangreint ákvæði.

og hinsvegar:

Ferjuáætlun er heimilt að endurskoða einu sinni á ári yfir samningstímann og skal það gert í samráði við BSS og í tengslum við gerð starfs- og fjárhagsáætlun á hverju hausti fyrir komandi ár.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.